

Reglur barnaverndarnefndar Eyjafjarðar um könnun og meðferð mála sem undir hana heyra, umboð starfsmanna og fleira.

Reglur þessar eru settar með tilvísan til 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 ásamt síðari breytingum, í reglum þessum nefnd barnaverndarlög, og samnings frá 24. nóvember 1999, milli Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandahrepps, *Arnarneshrepps*, *Glæsibæjarhrepps*, *Skriðuhrepps* og *Öxnadalshrepps** um stofnun sameiginlegrar barnaverndarnefndar og samnings um ráðgjafarþjónustu á milli sömu aðila. Samkvæmt samningi um ráðgjafarþjónustu er ákveðinn hópur starfsmanna Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar starfsmenn barnaverndarnefndarinnar og starfar í umboði hennar skv. reglum þessum.

Reglur þessar taka fyrst og fremst til þeirra barnaverndarmála sem kalla á formlegar umsagnir, úrskurði eða þvingunaraðgerðir af hálfu barnaverndarnefndar, þ.e. mála þeirrar gerðar sem fjallað er um í 25. 26. 27. 29. og 37. grein barnaverndarlaga, sem og önnur mál sem VI. kafli laganna fjallar um. Reglurnar taka ennfremur mið af ákvæðum barnalaga nr. 76/2003, ásamt síðari breytingum og ættleiðingarlaga nr. 130/1999, ásamt síðari breytingum.

Starfsmenn

1. gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar kanna og fara með einstök barnaverndarmál í umboði nefndarinnar og undir stjórn forstöðumanns barnaverndar á Fjölskyldudeild, sem jafnframt er framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar.

2. gr.

Um hæfi starfsmanna til þess að taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn barnaverndarmáls fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Starfsmaður sem er í vafa um hæfi sitt skal vekja á því athygli forstöðumanns, sem tekur að höfðu samráði við formann barnaverndarnefndar ákvörðun um það hvort starfsmaðurinn skuli taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn málsins.

3. gr.

Starfsmenn skulu gæta fyllstu óhluðrægni við undirbúning, meðferð og úrlausn barnaverndarmáls. Þeim ber að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess, að mál séu nægilega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar og þeim ber að stuðla að því að mál séu afgreidd svo fljótt sem unnt er.

* Fjögur síðastnefndu sveitarfélögin hafa síðan sameinast í Hörgársveit.

Starfsmenn skulu sýna börnum, aðstandendum þeirra og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli, fulla virðingu og alla þá nærgætni sem aðstæður leyfa, er þeir kanna mál eða vinna að máli.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkahagi manna. Skulu þeir undirrita yfirlýsingu þess efnis er þeir hefja störf.

Hlutverk teymisfunda

4. gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar halda reglulega fundi þar sem teknar eru nauðsynlegar ákvarðanir um vinnslu barnaverndarmála. Fundina, sem nefndir eru teymisfundir í reglum þessum, skal halda sem næst vikulega. Fundinum stjórnar forstöðumaður, eða staðgengill hans, og ritar fundargerð. Teymisfundur er ákvörðunarhæfur ef hann sitja þrír starfsmenn.

5. gr.

Helstu ákvarðanir sem teymisfundur tekur eru þessar:

- a. um könnun máls, þ.m.t. hvaða starfsmaður eða starfsmenn hafa könnunina með höndum, (sjá þó ákvæði 7. gr. hér að neðan).
- b. um að vísa máli í lögreglurannsókn
- c. um lok könnunar
- d. um beitingu úrræða skv. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga
- e. um lokun barnaverndarmáls
- f. þegar sérstaklega stendur á um framvindu máls, s.s. vegna vistunar barns utan heimilis með samþykki aðila
- g. um að leggja mál fyrir fund barnaverndarnefndar.
- h. Greinargerðir í umsagnarmálum, s.s. vegna umgengni, fósturs og ættleiðingar, skulu kynntar á teymisfundi. Fundurinn ákveður hvort málið skuli lagt fyrir fund barnaverndarnefndar áður en umsögn er gefin. Skal það jafnan gert ef ágreiningur er um niðurstöðuna og ef aðili sem umsögn er gerð um, óskar þess.
- i. Sé ákvörðun svo knýjandi að hún geti ekki beðið næsta teymisfundar, skal hún tekin af forstöðumanni eða staðgengli hans.

Málsmeðferð barnaverndarmála

6. gr.

Móttaka tilkynninga og meðferð þeirra.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna, skv. 16. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga. Þeir skulu gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað sem máli kann að skipta á viðeigandi stað í barnaverndargrunn Fjölskyldudeildar.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda, þegar það á við, að honum sé heimilt að óska nafnleyndar, skv. 16. gr. barnaverndarlaga, gagnvart öðrum en starfsmönnum og fulltrúum í barnaverndarnefnd sbr. 19. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Starfsmaður sem tekur á móti barnaverndartilkynningu, skal leggja mat á það hvort nauðsynlegt er að hefja könnun án tafar, eða hvort fresta má ákvörðun um könnun máls til næsta teymisfundar í barnavernd, enda sé hann haldinn innan sjö daga frá móttöku tilkynningarinnar.

Ef þörf krefur skal starfsmaðurinn gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns í samráði við formann nefndarinnar, sbr. 31. gr. barnaverndarlaga um neyðarráðstafanir.

Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu, þar sem fram koma ástæður íhlutunar, aðgerðir sem gripið var til, og annað sem máli kann að skipta.

8. gr.

Pegar ákvörðun hefur verið tekin um könnun máls, skal sá starfsmaður sem hefur könnunina með höndum meta hvaða gagna er aflað vegna hennar. Hann ákveður einnig í samráði við forstöðumann hvort tilefni sé til að fresta tilkynningu til foreldra um að tilkynning hafi borist.

9. gr.

Að lokinni könnun máls skal niðurstaða könnunar ásamt greinargerð kynnt á teymisfundi. Hafi könnunin leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfis eða framferðis foreldra eða að barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, skal gera áætlun um meðferð máls í samræmi við 23. gr. barnaverndarlaga. Þar skal tilgreina hver skuli vera hlutur foreldra (og barns, ef það á við) annars vegar og barnaverndarnefndar hins vegar og í henni skulu sett tímamörk. Fjalla skal um áætlunina á teymisfundi og skrá helstu ákvæði hennar í fundargerð.

Við gerð áætlunarinnar skal starfsmaðurinn leitast við hafa sem best samráð við foreldra barns (og barnið sjálft eftir því sem við á með tilliti til aldurs þess og þroska).

10. gr.

Nú kemur í ljós að ekki tekst samvinna um áætlun eða að hún ber ekki tilætlaðan árangur og skal þá kynna málið fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð og tilögum um áframhaldandi meðferð málsins.

11. gr.

Starfsmenn skulu kynna foreldrum og barni sem náð hefur 15 ára aldri fyrirfram að mál þess verði lagt fyrir barnaverndarnefnd. (Í reglum þessum er með foreldrum að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns). Einnig skulu starfsmenn tryggja réttindi barns til málsmeðferðar sbr. 25. og 46. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmenn skulu kynna aðilum greinargerð og önnur gögn málsins, að svo miklu leyti sem það er ekki talið andstætt hagsmunum barns og rýfur ekki trúnað sem heitið hefur verið. Barnaverndarnefnd skal greint frá því ef aðilum máls hefur verið meinaður aðgangur að gögnum, og hún hefur endanlegt úrskurðarvald þar að lútandi.

Gögn er liggja til grundvallar ákvörðunum barnaverndarnefndar skulu afhent málsaðilum nema barnaverndarnefnd hafi úrskurðað um annað, sbr. 45. gr. barnaverndarlaga og 15. og 19. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Starfsmönnum ber að vekja athygli málsaðila á rétti þeirra til að mæta á fundi barnaverndarnefndar og tjá sig þar munnlega eða skriflega sbr. 47. gr. barnaverndarlaga. Ennfremur ber starfsmönnum að vekja athygli aðila á rétti hans til aðstoðar lögmanns og kynna honum möguleika á því að fá fjárstyrk í því skyni skv. 47. gr. barnaverndarlaga og reglum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar um lögmannsaðstoð.

12. gr.

Starfsmenn skulu eins fljótt og unnt er tilkynna viðkomandi aðilum um ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar. Jafnframt skal þá veita aðila leiðbeiningar um rétt hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

Umsagnir vegna umgengnismála

13. gr.

Óski sýslumaður eftir umsögn barnaverndarnefndar vegna umgengnismáls skv. 74. gr. barnalaga nr. 76/2003, skulu starfsmenn annast könnun máls og láta sýslumanni í té álit nefndarinnar um þau atriði er sýslumaður tiltekur í beiðni sinni. Skal álit nefndarinnar bókað á teymisfundi og fundi barnaverndarnefndar.

14. gr.

Könnun skv. 13. gr. hér að framan skal unnin með hliðsjón af ákvæðum 21.gr. barnaverndarlaga og áhersla lögð á að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, um aðstæður og forsendur foreldranna hvors um sig til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað sem máli kann að skipta. Telji starfsmenn ástæðu til, geta þeir aflað álits annarra sérfræðinga og kynnt sér viðhorf aðila sem kunnugir eru málsaðilum.

15. gr.

Að lokinni könnun skv. 13. gr. skal starfsmaður gera skriflega greinargerð.

Aðilum máls skal gefinn kostur á að kynna sér efni greinargerðarinnar áður en hún er lögð fyrir teymisfund með þeim hætti sem áður getur. Óski málsaðili eftir að gera athugasemdir við greinargerðina, skulu starfsmenn vekja athygli á þeim rétti hans að bera þær fram skriflega eða munnlega á fundi barnaverndarnefndar, og að mæta á fund nefndarinnar óski hann þess.

16. gr.

Starfsmenn skulu á öllum stigum máls leita sátta með aðilum, eftir því sem best þykir henta hagsmunum barns.

Meðferð fóstur- og ættleiðingarmála

17. gr.

Starfsmenn annast umsagnir til Barnaverndarstofu um hæfi umsækjenda sem fósturforeldrar, sbr. 66. gr. barnaverndarlaga. Skýrsla starfsmanns skal lögð fyrir teymisfund og niðurstaða fundarins um hæfi umsækjenda skráð í fundargerð. Telji fundurinn nauðsynlegt að bera niðurstöðu sína undir barnaverndarnefnd skal það gert, sbr. h-lið 5. gr. reglna þessara.

18. gr.

Starfsmenn skulu annast meðferð fósturmála og gera tillögu í samvinnu við Barnaverndarstofu um hæfa fósturforeldra til handa börnum sem ráðstafa skal í fóstur. Þegar fyrir liggur ákvörðun um fóstur barns, skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð bæði um fósturbarn og væntanlega fósturforeldra þess, ásamt fyrirbyggjandi umsögnum.

19. gr.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa væntanlega fósturforeldra eftir föngum. Ennfremur skulu þeir veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til.

Starfsmenn hafa eftirlit með fóstri með heimsókn á fósturheimili og viðtali við barn. Skal það gert a.m.k. árlega, en oftar ef þurfa þykir.

20. gr.

Árlega skal framkvæmdastjóri leggja fyrir barnaverndarnefnd skýrslu og heildaryfirlit um fósturmál og eftirlit með fósturheimilum.

21. gr.

Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns, skulu starfsmenn gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd nefndarinnar við fósturforeldrana á þar til gerð eyðublöð, þar sem fram skulu koma þau atriði sem getið er í 68. gr. barnaverndarlaga.

Fósturmál skal lagt fyrir barnaverndarnefnd rísi ágreiningur um einstök efnisatriði í fóstursamningi. Undirritaður fóstursamningur skal formlega staðfestur í barnaverndarnefnd.

22. gr.

Eftir atvikum og miðað við aldur barns og þroska, skulu starfsmenn gera barni grein fyrir því hvers vegna því er komið í fóstur.

Starfsmenn skulu undirstrika við fósturforeldra mikilvægi þess að fósturbörn hafi vitneskju um kynforeldra sína.

23. gr.

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagna barnaverndarnefndar um ættleiðingar skv. 16. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999. Skulu þeir við könnun sína og skýrslugerð fara eftir því sem segir í IV. og V. kafla reglugerðar nr. 238/2005 um ættleiðingar. Skýrsla starfsmanns skal lögð fyrir teymisfund og niðurstaða um hæfi umsækjenda skráð í fundargerð. Ákveði fundurinn að bera niðurstöðu sína undir barnaverndarnefnd skal það gert, sbr. h-lið 5. gr. reglna þessara.

Gildistaka

24. gr.

Reglur þessar voru samþykktar í barnaverndarnefnd Eyjafjarðar 27. júní 2012, samanber samning um sameiginlega barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999. Reglurnar koma í stað eldri reglna nefndarinnar frá 14. október 2003.